

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 127/920
komudagur 27.2.2002

Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

24. febrúar 2002

Tilvísun: 2002020013

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 5. febrúar s.l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 361. mál. Með frumvarpinu er verið að draga úr takmörkunum á fjárfestingum lífeyrissjóða eins og þær koma fram í VII. kafla laganna, og þá sérstaklega í 36. gr., með því að heimila frekari fjárfestingar í óskráðum verðbréfum en þar koma fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er ekki æskilegt að breyta fjárfestingarákvæðunum fyrr en frekari reynsla er komin á þau. Ný lög um starfsemi lífeyrissjóða tóku gildi þann 1. júlí 1998 og var lögnum breytt strax um vorið 2000 og þ.á m. ákvæðinu um óskráðu verðbréfin. Þá voru enn nokkrir starfandi lífeyrissjóðir sem ekki höfðu fengið starfsleyfi samkvæmt nýjum lögum. Í ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 1. júlí 2000 til 30. júní 2001 kemur fram að fjárfestingar lífeyrissjóða hafa í nokkrum tilvikum ekki verið í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðslaganna og hefur þar fyrst og fremst reynt á heimildir til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum.

Í núgildandi lögum eru heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum í þrennu lagi. Í fyrsta lagi er þeim heimilt að fjárfesta í verðbréfum sem falla undir töluliði 1, 2, 5, 6 og 8 í 1. mgr. 36. gr. laganna fyrir allt að 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Í öðru lagi er þeim heimilt að fjárfesta ótakmarkað í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum þar sem veðhlutfallið er að hámarki 65% af metnu markaðsvirði eða 35% þegar um sérhæft atvinnuhúsnæði er að ræða og í þriðja lagi er þeim heimilt að fjárfesta í óskráðum afleiðum sem draga úr áhættu sjóðsins. Þeir lífeyrissjóðir sem voru yfir 10% hámarkinu við gildistöku laganna þurftu ekki að selja verðbréf til að uppfylla ákvæðið en höfðu ekki heimild til að auka við eign sína í óskráðum verðbréfum sem falla undir fyrrgreinda töluliði í 36. gr. laganna. Í lögum um lífeyrissjóði eru heimildir til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum rýmri en t.d. í lögum um verðbréfasjóði þar sem hámarkseign er 10% og á ákvæðið rætur sínar að rekja til tilskipunar ESB um UCITS-sjóði.


Í lok árs 2000 voru skiptust eignir lífeyrissjóða á eftirfarandi hátt:

Skráð skuldabréf	44%
Skráð hlutabréf	31%
Óskráð skuldabréf	9%
Fasteignaveðtryggð sk.br. (óskráð)	13%
Óskráð hlutabréf	1%
Aðrar eignir að frádr. skuldum	2%
Hrein eign til greiðslu lífeyris:	100%
Þar af voru gengisbundnar eignir	23%

Af þessu sést að hlutfall óskráðra verðbréfa var í heild 23%, þar af 10% sem falla undir fyrrgreinda töluliði 36. gr. Ársreikningar lífeyrissjóða vegna ársins 2001 liggja ekki fyrir nema


hjá örfáum sjóðum og því ekki ljóst hvernig hlutföllin hafa þróast á síðastliðnu ári.

Virðingarfyllst,



Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAEFTIRLITID



Ásta Þórarinsdóttir